

Alþingi
Erindi nr. þ 139/1S32
komudagur 28.2.2011



Alþingi
Sjávarútvegs- og landbúnaðarnefnd Alþingis
Kirkjustræti
150 Reykjavík

Austurvegur 64 800 Selfoss
Sími: 530 4800 - Fax: 530 4801
mast@mast.is www.mast.is

°Selfoss, 25. febrúar 2011
Tilvísun: Mast11020029/0.1

Efni: Umsögn Matvælastofnunar

Þskj. 709 — 433. mál. - Frumvarp til laga um útflutning hrossa.

Matvælastofnun var sent frumvarp til laga um útflutning hrossa til umsagnar. Eftirfarandi breytingar eru lagðar til á orðalagi:

- a) Matvælastofnun leggur til litið breytt orðalag í 1. mgr. 3.gr. en hefðbundið er að tala um „aðbúnað og umhirðu“ en ekki „aðstöðu og aðbúð“. 1. mgr. 3. gr. hljóði svo: „Flutningsför fyrir hross við útflutning skulu hafa fullnægjandi rými, loftræstingu og brynningu. Tryggja skal fóður, fóðrun og eftirlit með hrossunum á flutningstímanum. Matvælastofnun hefur eftirlit með að reglum um aðbúnað og umhirðu sé fylgt.“
- b) Í 4. gr. er notað orðið „gæslu“ því er velt um hvort ekki sé skýrara að nota orðalagið úr 3. gr. sem talar um eftirlit. Það er að Matvælastofnun geti haft yfirumsjón með eftirlitinu um borð.
- c) Matvælastofnun leggur til að orðið vottorð falli brott í 1. málslíð 5. gr. en hestavegabréfið er í raun það vottorð sem gefið er út.

Samkvæmt 17. gr. laga nr. 103/2002 um búfjárhald o.fl. getur sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra sett reglugerð um flutning búfjár. Drög að þessari reglugerð hafa verið unnin og er í þeim drögum gert ráð fyrir reglum um flutninga á búfé í lofti og á sjó. Frumvarp til laga um útflutning hrossa hefur að nokkru að geyma reglur er varða velferð hrossanna við flutning. Enginn ákvæði í frumvarpinu um útflutning hrossa eru í andstöðu við fyrrgreind drög að reglugerð um flutninga búfjár og sum ákvæði frumvarpsins bæta við reglum um velferð hrossa við flutning og er það vel. Að öðru leyti innihalda drögin að reglugerð um flutninga búfjár útfærðari reglur um velferð dýra við flutninga en sé um tvítekningu að ræða milli frumvarpsins og reglugerðarinnar er hún meinlaus. Ákvæði um að einungis sé heimilt að flytja hross með flugi á tímabilinu 1. október til 15. maí er í samræmi við drög að reglugerð um flutninga búfjár en ástæða er til að slík takmörkun sé í lögum en ekki eingöngu í reglugerð.

Matvælastofnun hefur ekki aðrar athugasemdir og telur margt gott í þessu frumvarpi og mælir